**Hverfisráð Árbæjar**

Ár 2017, þriðjudaginn 18. apríl var haldinn 133. fundur Hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í félagsaðstöðu Fylkis og hófst hann kl.16.15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson og Björn Gíslason. Einnig voru viðstödd: Elvar Örn Þórisson, Kristján Sturla Bjarnason og Þórður Kristjánsson fulltrúar íbúasamtaka Árbæjar og Arna Hrönn Aradóttir, Emelía Eiríksdóttir, Díana H. Fjölnisdóttir, Matthías Þórarinsson fulltrúar íbúasamtaka Norðlingaholts.
Fundarritari var Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.

**Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á Fylki, framtíðar uppbyggingu á svæði félagsins og dagskrá framundan í tilefni af fimmtíu ára afmæli Fylkis.

2. Tveir fulltrúar hverfisráðs kynntu það sem fram fór á aðalfundi Hollvinasamtaka Elliðaárdals.

3. Fram fer umræða um nýjan ungbarnaleiksskóla Blásala.

4. Lagt fram erindi frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur um áheyrnarfulltrúa öldungaráðs, dags. 27. febrúar 2017.
   Frestað.

5. Lögð fram umsókn samstarfshóps um fræðslukvöld Litla forvarnarteymisins og foreldrafélaga um styrk úr hverfissjóði.
   Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 50.000.

6. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 3. apríl. 2017 varðandi Lyngháls 4.

7. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 6. apríl. 2017, varðandi Árbæjarblettur 62/Þykkvibær 21.

8. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 3. apríl. 2017, varðandi Hólavað 63-71

9. Lögð fram drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi nýjan hjólastíg í Elliðaárdal.

**Fundi slitið kl. 18.15**

Þorkell Heiðarsson

Hildur Hrönn Oddsdóttir
Þráinn Árni Baldvinsson
Björn Gíslason